



Reykjavík, 7. nóvember 2024  
USK24100150

## Ásvallagata 3 – Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa /svalir

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 24. október 2024 var lögð fram fyrirspurn Birgis Páls Auðunssonar, dags. 15. október 2024, um að setja svalir á 2. hæð hússins á lóð nr. 3 við Ásvallagötu. Einnig lögð fram skissa, ódags. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnastjóra.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040

Ásvallagata

### **Skipulag í gildi**

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu tilheyrir lóðin og byggingin Framnes – íbúðarbyggð.

Deiliskipulag/ Hverfisskipulag: Ekki er í gildi deiliskipulag né Hverfisskipulag fyrir reitinn.

### **Umsögn**

Flest húsanna voru byggð upphaflega án svala en á undanförunum árum hefur þeim eigendum fjölgað sem óskað hafa eftir að byggja svalir við íbúðir sínar. Svalir bæta gæði búðarinnar mikið og öryggi. Ekki er gerð skipulagsleg athugasemd við að gera svalir á aðra hæð hússins, sækja þarf um byggingarleyfi. Mikilvægt er að þær svalir falli vel að byggingarstíl hússins og taki mið af upprunalegum frágangi glugga og dyra á húsinu.

Öll hús sem eru byggð fyrir 1940 eru umsagnarskyldar þegar kemur að byggingarleyfisskyldum framkvæmdum. Vegna aldur hússins er gerð krafa um að minjastofnun geri umsögn um málið.

### **Niðurstaða**

- Ekki er gerð skipulagsleg athugasemd við erindið.
- Sækja þarf um byggingarleyfi og óska þarf eftir umsögn minjastofnunar.
- Erindið verður grenndarkynnt fyrir lóðarhöfum aðliggjandi lóða ef sótt verður um byggingarleyfi.

### **f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur**

Valný Aðalsteinsdóttir, verkefnastjóri